

## Calle Beirut 34 /Oasis Fanabe 3



Oasis de Fañaba 3, nafnið á kjarnanum  
Calle Beirut 34 Gatan og númer  
Costa Adeje, municipio de Adeje, sýslan  
postal 38670,  
Tenerife, España.

**DK fasteignir ehf kynna eignina að Calle Beirut 34 á Fanabé ströndinni á Adeje. Tenerife**  
Eignin er 160 fermetrar og að auki 60. fermetra einkaútisvæði.  
Við bjóðum uppá gistingu fyrir 8-10 manns.  
Herbergin skiptast eftirfarandi:



Hjónasvítan er með 160 cm rúmi, góðum skápum og sjónvarpi með apple tv og netflix.



Herbergi 2. Er með 2\* 90 cm rúmum sem hægt er að setja saman, svölum, loftræstingu og kammóðu.



Herbergi 3. Er með 2\* 90 cm rúmu og 2\* 90 cm kojum. Í þessu herbergi er mikið skápláss og hýsir 4.



Í stofunni er góður 180\*200 cm svefnsófi. Einfalt að taka út og setja inn á daginn.

Í stofunni er borðpláss fyrir 10-12 manns.

Samsung sjónvarp með Sjónvarpi Símans, Netflix, Spotify og Apple TV.

Spil og leikir, vínglös fyrir allar tegundir af drykkjum, Bluetooth hátalarar og auðvitað wifi.



Eldhúsið er með öllu sem þarf til að gera góða veislu. Helluborði, ofni og háfi. Uppþvottavél og og búrskápur inn af eldhúsi. Blandari, örbylgjuofn, samlokugrill, nespresso kaffivél og auðvitað brauðrist. Nóg af pottum, pönnum og áhöldum. Glös og diskar fyrir rúmlega 20 manns. Ísskápurinn er svo tvískiptur kæli og frystir.




Stærra baðherbergið með sturtu er á efri hæðinni og vorum við að svera lagnir upp svo það væri Íslenskur kraftur á vatninu. Gestabaðherbergi er svo á miðhæðinni.



Garðurinn okkar fyrir aftan hús. Sem snýr að sundlauginni. Labba nokkur skref héðan og þú ert komin(n) á sundlaugarsvæðið. Við bættum við rafdrifinni markísu sem okkur finnst frábær viðbót. Garðurinn fyrir aftan hús er jafn stór og sá sem er fyrir framan hús eða 24 fm. Svalirnar eru svo sitthvorir 6 fm. Samtals einkaútisvæði um 60 fm. Svo er frábært pláss í sameigninni. Weber gasgrillið með auka gashellu er á sínum stað og gott marmara fráleggsborð þegar verið er að elda




Garðurinn fyrir framan hús. Hér kemur morgunsólin og svo notalegt að sitja í skugganum seinnipartinn eftir góðan sólarlag. Svalir úr hjónaherberginu eru beint fyrir ofan.



### **Staðsetning:**

Húsið er staðsett 700 metra frá X Sur verslunarkjarnanum og Tagora hótelinu. Við erum beint fyrir ofan Fanabe ströndina og þangað er 12 mínútna ganga. Þú ert 15 mínútur frá flugvellið með bíl. Nóg er af verslunum og veitingastöðum í kring.



Í garðinum okkar eru tvær upphitaðar sundlaugar. Okkar mat er að við getum verið ofan í þeim allan daginn. Önnur laugin er sér barnalaug, grunn buslulaug. Mesta traffíkin er seinni partinn eða eftir 18 þegar íbúar kjarnans eru búnir að vinna. Nóg af sólbekkjum. Og ekki þarf að vakna fyrir allar aldir til að taka frá sólbekki.



Í bílskúrnum erum við með fullbúið þvottahús með 12 kg þvottavél og þurrkara, tvö ungbarnarúm, 2 barnastóla og eina barnasessu í bíl fyrir fjölskyldufólkið. Upphífstöng, TRX bönd, nuddrúllur og annað æfingadót. Fyrir hjólafólkið er viðgerðarstandur, öll helstu verkfæri fyrir hjólin ásamt pumpu og annað mikilvægt fyrir hjólin. Svo er auðvitað tvö rafmagnshjól annað er með barnastól sem hægt er að taka af. Strandardótið á sínum stað. Strandarstólar, handklæði og eitthvað af skóflur, fötum og uppblásnu dóti. Allt til alls.

**Hér sjást lausar dagsetningar hjá okkur**

[https://calendar.google.com/calendar/embed?src=c\\_hru8k4stmamdgqsc09d3qqa9ts%40group.calendar.google.com&ctz=Atlantic%2FReykjavik](https://calendar.google.com/calendar/embed?src=c_hru8k4stmamdgqsc09d3qqa9ts%40group.calendar.google.com&ctz=Atlantic%2FReykjavik)

**Verð á leigu fyrir raðhúsið Gildir til 31.12.2023**

**Lágmarksleiga er ein vika**

**1. Vika 1100 € evrur**

**2. Vikur 2150 € evrur**

**3. Vikur 3250 € evrur**

**4. Vikur 4300 € evrur**

Þrif eru aukalega ofan á leiguverð 120 evrur fyrir 4-6 í gistingu og 7-10 í gistingu 150 evrur. Hægt er að bóka t.d. 10 nætur þá kostar nóttin 160 evrur. Hver nótt um jól og páska kostar 200 evrur. Lágmarksleiga um jól og páska er 10 dagar.

## **Staðfesting á leigu á íbúðinni Calle Beirut 34**

ATH! Til að staðfesta bókun þarf að greiða 60.000,- krónur sem er einnig trygging og fæst endurgreidd 7 dögum eftir brottför ef allt er í lagi. Ef hætt er við bókun fæst Staðfestingargjald ekki endurgreitt. Þú staðfestir með því að leggja inn á:

DK Fasteignir ehf. Kennitala 5404110690

Reikningsnúmer 0302-26-245

Merkja þarf millifærsluna Calle Beirut 34 og senda kvittun á netfangið [eva@30.is](mailto:eva@30.is)

Helmingur af leiguverði er greiddur mánuði fyrir leigutíma. Hinn Helmingurinn er greiddur við lykllaafhendingu